

**Nd.**

**370. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að ihuga og undirbúa landsspítalamálið.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa sjö menn í nefnd til að ihuga landsspítalamálið og búa það undir framkvæmdir. Må verja alt að 500

kr. á ári úr landssjóði handa nefndinni til nauðsynlegra útgjalda, sem fyrir kunna að koma.

### Greinargerð.

Þörfin á landsspítala, íslenskum rikisspítala, með öllum nýtum og nauðsynlegum lækningatækjum — sú þjóðarþörf dylst engum lengur; hún er orðin þjóðkunn.

Og nú hefir kvenþjóðin hafist handa, vinnur nú af alhug, með ráði og dáð, lofsverðum dugnaði og ágætum árangri að þessu mikla nauðsynjamáli. Hefir þeim konum þegar tekist, á fáum misserum, að safna stórfje í landsspítalaskjóð, og undirtektirnar svo góðar um land alt, að ekki er um að villast, að þjóðarviljinn er þeim hollur — málinu vist fult þjóðarfylgi.

En allir, sem hafa fullan hug á þessu málefni, jafnt konur sem karlar, munu játa það gott vera, sem landlæknir hefir lagt til um undirbúninginn og gert skýra grein fyrir. Telur hann þetta verk svo vandasamt, að brýn þörf sje á margra ára íhugun og undirbúningsvinnu; sú hafi reynslan orðið í öðrum löndum um vönduðustu sjúkrahús; og þó að íslenski rikisspítalinn verði miklu minni en höfuðspítalar annara þjóða, þá sje vandinn ekki þeim mun minni, heldur öllu meiri en annarstaðar, af því að hjer verði að leita ráða til að koma fyrir í miklu minni húsakynnum öllum þeim margvíslegu, stærstu lækningatækjum, sem enn vantar hjer á landi, oft til stórbaga fyrir almenning, og ekki til að hugsa að bæta úr þeirri þjóðarþörf hjer, nema með þessu eina móti — landsspítala.

Í þess konar nefnd verður að skipa lækna (3), húsameistara, verkfræðing, fjármálamann og svo að sjálfsögðu einhverja af þeim heiðurskonum, sem bera þetta mál fyrir brjósti. Þarf ekki að efa, að stjórnin vandi vel valið, nje heldur, að hverjir sem eru af bestu mönnum þjóðarinnar muni fúslega taka að sjer þetta trúnaðarstarf, kauplaust.

En tilkostnaðarlaust verður það ekki unnið. Þó verður kostnaðurinn fráleitt mikill fyrst um sinn, meðan ekki er svo langt komið, að unt sje að byrja á fullnaðaruppdráttum og áællunum.

Það er álit landlæknis, að eins og nú standa sakir megi búast við, að undanvinnunni að þessu merka þjóðvirki verði ekki lokið á skemri tíma en 4 árum. Erlendis hefir oft þurft 8—10 ár, þegar áformið hefir verið að vanda alt sem allra best.